

UNDUR ALHEIMSINS



Mynd 1: Nánari upplýsingar um IYA2009 er að finna á slóðinni www.astronomy2009.org. Íslensk vefsíða er í vinnslu. Reiknað er með að hún verði opnuð snemma á árinu 2008. Þangað til er bent á síðuna <http://www.raunvis.hi.is/~einar/SI/alar2009.html>.

Fréttatilkynning:

Alþjóðlegt ár stjörnufræðinnar 2009

Í gær, 19. desember 2007, tilkynnti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna að árið 2009 yrði alþjóðlegt ár stjörnufræðinnar. Það var heimaland Galíleós Galíleís, Ítalía, sem lagði tillöguna fram með fullu samþykki undirbúningsnefndar allsherjarþingsins. Frumkvæðið að *Alþjóðlegu ári stjörnufræðinnar 2009* (the International Year of Astronomy 2009: IYA2009) áttu Alþjóðasamband stjarnvísindamanna (the International Astronomical Union: IAU) og UNESCO.

Með alþjóðaárinu IYA2009 er haldið upp á einn mikilvægasta atburð í sögu raunvísinda, þegar Galíleó beitti sjónauka fyrstur manna til rannsókna í stjörnufræði. Það var upphafið að 400 ára sögu stórkostlegra uppgötvana í stjörnufræði og atburðurinn kom af stað vísindabyltingu sem hafði djúpstæð áhrif á hugmyndir manna um alheiminn.

Í dag er sjónaukum í geimnum og á jörðu niðri beitt allan sólarhringinn til rannsókna á alheimi á öllum sviðum geislunar. Forseti Alþjóðasambands stjarnvísindamanna, Catherine Cesarsky, fullyrðir að *Alþjóðlegt ár stjörnufræðinnar 2009 veiti öllum þjóðum heims tækifæri til að taka þátt í þeirri öru þróun vísinda og tækni sem nú á sér stað.*

Alþjóðaárið IYA2009 er friðsamleg samvinna þjóða þar sem leitað er svara við spurningunni um rætur okkar og upphaf í alheimi, sameiginlega arfleið allra jarðarbúa. Stjarnvísindin eru fulltrúi mörg þúsund ára samvinnu, óháð landamærum, kynferði, aldri, menningu og kynþáttum, í fullu samræmi við grundvallarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í þeim skilningi er stjörnufræði gott dæmi um það hvernig raunvísindin geta stuðlað að alþjóðasátt og samvinnu.

Einar H. Guðmundsson prófessor í stjarnedlisfræði við Háskóla Íslands er formaður íslensku IYA2009 landsnefnarinnar og tengill hennar við alþjóðasambandið (svokallaður Single Point of Contact: SPoC). Hann segir af þessu tilefni: *Hér á landi verður haldið upp á Alþjóðlegt ár stjörnufræðinnar 2009 með margvíslegum hætti. Meðal annars er fyrirhugað að bjóða almenn- ingi að hlýða á fyrirlestra um það sem efst er á baugi í stjarnvísindum nútímans. Mönnum mun einnig gefast kostur á fræðslu um stjörnufræðisvísindisfræði og þátttöku í stjörnuteytum þar sem stjörnuhiminninn verður skoðaður. Þá er verið að vinna úr hugmyndum um samvinnu stjarn- vísindamanna og stjörnuáhugamanna við kennara og nemendur í skólum landsins. Einnig er ætlunin að fræða landsmenn um sögu stjarnvísinda á Íslandi. Það er mikið ánægjuefni að Ís- land skuli hafa stutt þessa tillögu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og þannig tekið undir það viðhorf að raunvísindi séu einn af hornsteinum nútíma samfélags.*

Alþjóðaárið IYA2009 er einkum hugsað sem vettvangur fyrir hinn almenna jarðarbúa þar sem áhersla er lögð á persónulega upplifun og ánægjuna við það að deila með öðrum þekkingu á alheimi og stöðu okkar í honum. Þá er lögð áhersla á mikilvægi vísindalegrar hugsunar. Hvetj- andi áhrifamáttur stjarnvísinda er ómetanleg auðlind fyrir allt mannkyn.

Frekari upplýsingar um *Alþjóðlegt ár stjörnufræðinnar 2009* er að finna á vefsíðunni <http://www.astronomy2009.org/>

* * * * *

Til ritstjóra:

Hugmyndin að baki IYA2009 er sú að aðstoða jarðarbúa við að enduruppgötva stöðu sína í alheimi með því að beina athygli þeirra að stjörnuhimninum, hvort heldur er að nóttu eða degi, og endurvekja þannig persónulega upplifun á undrum alheimsins. Allir ættu að gera sér grein fyrir áhrifum stjörnufræði og annarra grunnvísinda á daglegt líf og jafnframt öðlast aukin skilning á mikilvægi raunvísinda fyrir réttlæti og frið í heiminum.

Með IYA2009 verður gerð tilraun til að vekja athygli jarðarbúa, sérstaklega þó unga fólksins, á stjörnufræði og raunvísindum undir kjörorðinu **Undur alheimsins**. Viðburðir ársins 2009 ættu að stuðla að betri skilningi á þeirri ómetanlegu alþjóðlegu auðlind sem fólgin er í andlega hvetjandi áhrifum og innblæstri stjarnvísinda.

Haldið verður upp á *Alþjóðlegt ár stjörnufræðinnar 2009* á alþjóðavettvangi en megináherslan verður á atburði og verkefni í einstökum löndum. Hver þjóð hefur sína landsnefnd (National Node), sem hefur umsjón með skipulagi og aðgerðum heima fyrir. Nefndin á að hafa frumkvæði að samvinnu stjarnvísindamanna, stjörnuáhugamanna, menningarstofnana, menntastofnana og fjölmiðla við undirbúning ársins 2009.

Alþjóðasamband stjarnvísindamanna (IAU) eru alþjóðasamtök sem í eru um 10.000 stjarnvísindamenn frá öllum löndum. Tilgangur sambandsins er að stuðla að vexti og viðgangi stjarnvísinda á alþjóðavettvangi. Að auki sér sambandið um að velja nöfn á öll hugsanleg stjarnfræðileg fyrirbæri. Sambandið var stofnað 1919 og er stærsta fageining heims í stjarnvísindum.

* * * * *

Frekari upplýsingar veita:

Einar H. Guðmundsson
Formaður íslensku IYA2009 landsnefndarinnar
Raunvísindastofnun Háskólans
Dunhaga 3, 107 Reykjavík
Sími: 525-4800/4811
Tölvupóstfang: ainar@raunvis.hi.is
Heimasíða: <http://www.raunvis.hi.is/~ainar>

Catherine Cesarsky
IAU President, Chair of the IAU Executive Committee IYA2009 Working Group
Tel: +49-89-32-00-62-27
Cell: +49-171-67-47-165
E-mail: ccesarsk@eso.org

Karel A. van der Hucht
General Secretary
International Astronomical Union
98bis bd Arago, F-75014 Paris, France
home institute:
SRON Netherlands Institute for Space Research
Sorbonnelaan 2, NL-3584CA UTRECHT, the Netherlands
Tel: +31-30-2535729/5600
Cell: +31-6-53-960237.
email: K.A.van.der.Hucht@SRON.nl

IYA 2009 Secretariat:
Pedro Russo
IAU & ESA/Hubble, Garching, Germany
Tel: +49-89-320-06-195
Cell: +49-176-611-00-211 / +351-962854775
E-mail: prusso@eso.org

UNESCO Contact:
Yolanda Berenguer
Space Education Programme Coordinator
UNESCO HQ, Paris
Tel: +33-1-45684171
E-mail: y.berenguer@unesco.org

IAU Press Officer/Secretary of IAU IYA2009 Executive Committee Working Group:
Lars Lindberg Christensen
ESA/Hubble & IAU, Garching, Germany
Tel: +49-89-32-00-63-06
Cellular: +49-173-3872-621
E-mail: lars@eso.org

* * * * *

Vefsíður:

Íslensk vefsíða fyrir *Alþjóðlegt ár stjörnufræðinnar 2009*:
Vefsíðan er í vinnslu. Reiknað er með að hún verði opnuð snemma á árinu 2008. Þangað til er bent á síðuna <http://www.raunvis.hi.is/~einar/SI/alar2009.html>

The International Year of Astronomy 2009 web site:
<http://www.astronomy2009.org/>

The International Astronomical Union:
<http://www.iau.org/>

* * * * *

Erlendar fréttatilkynningar:

IAU Press Release: <http://www.iau.org/iau0702.486.0.html>

IYA2009 Press Release: <http://www.astronomy2009.org/content/view/344/116/>

* * * * *

Samþykkt allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna

The United Nations 62nd General Assembly IYA2009 Resolution text (62/200):

International Year of Astronomy, 2009

The General Assembly,

Recalling its resolution 61/185 of 20 December 2006 on the proclamation of international years, Aware that astronomy is one of the oldest basic sciences and that it has contributed and still contributes fundamentally to the evolution of other sciences and applications in a wide range of fields,

Recognizing that astronomical observations have profound implications for the development of science, philosophy, culture and the general conception of the the universe,

Noting that, although there is a general interest in astronomy, it is often difficult for the general public to gain access to information and knowledge on the subject,

Conscious that each society has developed legends, myths and traditions concerning the sky, the planets and the stars which form part of its cultural heritage,

Welcoming resolution 33 C/25 adopted by the General Conference of the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization on 19 October 2005¹ to express its support for the declaration of 2009 as the International Year of Astronomy, with a view to highlighting the importance of astronomical sciences and their contribution to knowledge and development,

Noting that the International Astronomical Union has been supporting the initiative since 2003 and that it will act to grant the project the widest impact,

Convinced that the Year could play a crucial role, inter alia, in raising public awareness of the importance of astronomy and basic sciences for sustainable development, promoting access to the universal knowledge of fundamental science through the excitement generated by the subject of astronomy, supporting formal and informal science education in schools as well as through science centres and museums and other relevant means, stimulating a long-term increase in student enrolment in the fields of science and technology, and supporting scientific literacy,

1. Decides to declare 2009 the International Year of Astronomy;
2. Designates the United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization as the lead agency and focal point for the Year, and invites it to organize, in this capacity, activities to be realized during the Year, in collaboration with other relevant entities of the United Nations system, the International Astronomical Union, the European Southern Observatory and astronomical societies and groups throughout the world, and, in this regard, notes that the activities of the Year will be funded from voluntary contributions, including from the private sector;
3. Encourages all Member States, the United Nations system and all other actors to take advantage of the Year to promote actions at all levels aimed at increasing awareness among the public of the importance of astronomical sciences and promoting widespread access to new knowledge and experiences of astronomical observation.

¹United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization, Records of the General Conference, 33rd session, Paris, 3-21 October 2005 (Paris, United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization), vol. 1, Resolutions, chap. V.